

**Björgunarsveitin Kyndill, Mosfellsbæ**  
**2. sveitarfundur 2007-2008.**  
**Dags. 17. október 2007**



**Mættir:** Bent, Helgi, Siggi I., Óli, Addi, Sigurður Þ., Gísli, Tommi, Týri, Daði, Gummi, Nanna, Íris, Hlynur, Maggi, Arnar, Guðjón Helgi, Hákon.

**1. Kyndill 2 – Ísskápurinn.**

Samið hefur verið við GK viðgerðir um að breyta Kyndli 2. Um er að ræða 35” breytingu og aukatank.

**2. Styrkveiting**

Kyndill sótti um styrk til Kiwanisklúbbsins Geysis um styrk til kaupa á sjúkrahötu. Kyndill fékk 200.000 kr. styrk. Þakkar Kyndill kærlega fyrir rausnarlegan styrk. Gísli sér um að ganga frá pöntun.

**3. Neyðarkallinn.**

Þann 1.-4. nóvember verður neyðarkallinn seldur. Skráningarlisti látinn ganga. Minnt á að í fyrra seldust allir neyðarkallar á fyrsta degi.

**4. Myndataka**

Þann 28. október kl. 13. verður tekin hópmynd af tækjum og félögum Kyndils. Fólk er beðið um að taka frá tímann og vill sjá alla í jökkum félagsins.

**5. Dagskrá.**

Send hefur verið út dagskrá á alla. Jólamatur verður 24. nóvember. Ákveðið hefur verið að bjóða upp á mat og veigar fyrir félagi í Kyndli og maka þeirra.

**6. Landsæfing.**

Fjórhjóláhópur fer á landsæfingu laugardaginn 20. október. Einhverjir úr sleðahóp fara og prófa Tetra kerfið á sleðum.

**7. Fundur með Mosfellsbæ.**

Sagt var frá fundi Kyndils með Mosfellsbæ og ósk Kyndils um meira samstarf milli skáta, skóla, félagsmiðstöðvar og Kyndils. Sækja á um styrk til bæjarins um uppsetningu klifurveggjar.

**8. Flugeldavinna.**

Sagt frá hugmynd um uppsetningu flugeldaskúra.

## **9. Önnur mál.**

- Gísli spurði um útbúnaðarherbergi og hillur, þ.e. stöðu mála.
- Gísli benti á að taka þyrfti til í verkfæraplássi í stóra sal.
- Hákon spurði hvort að til væri borð í húsinu fyrir Jólamat.
- Nanna benti á að salernið (hægra) væri bilað. Þarf að gera við. Helgi var beðinn um að kíkja á málið.
- Guðmundur óskaði eftir umræðum um unglingsdeildarmál. Voru þau mál rædd í framhaldi af sveitarfundi.